



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Leikskólinn Suðurborg

2022 – 2023



*Suðurborg*



### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

|                                                              |           |
|--------------------------------------------------------------|-----------|
| Leiðarljós leikskólans .....                                 | 3         |
| 1 Greinargerð leikskólastjóra .....                          | 3         |
| 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022 .....        | 4         |
| 3 Innra mat xxx deildar .....                                | 8         |
| 4 Innra mat sérkennslu .....                                 | 13        |
| 5 Innra mat – fjöltyngd börn .....                           | 15        |
| 6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla .....                       | 17        |
| 7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva ..... | 17        |
| 8 Foreldrasamvinna .....                                     | 18        |
| 9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....                   | 20        |
| 10 Fylgigögn .....                                           | 20        |
| <b>10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs .....</b>         | <b>20</b> |



# Leiðarljós leikskólans - ábyrgð, Umhyggja, vinátta og öryggi

## 1 Greinargerð leikskólastjóra

Starfið í leikskólanum gengur mjög vel og er flest það sem datt út í covid komið af stað aftur okkur til mikillar gleði. Má þar helst nefna að eiga samskipti foreldra daglega sem og að hitta þau á sérstökum dögum þegar þeim er boðið að taka þátt í starfinu með okkur. Þetta vorið komu foreldrar á opið hús, útskrift og á sumarhátíð en allt tókst þetta glimrandi vel og mátti sjá gleði skína úr hverju andliti.

Helstu áherslur í starfi leikskólans undanfarin ár hefur verið félagsfærni og mál og læsi. Við munum halda áfram að leggja áherslu á þessa þætti, bæði sem hluti að menntastefnu Reykjavíkurborgar og í gegnum samstarfið Læsi allra mál sem er samvinnuverkefni Suðurmíðstöðvar og leik- og grunnskóla í hverfinu. Verkefnið tekur á máli og læsi leik- og grunnskólabarna og er lögð áhersla á snemmtæka íhlutun og að efla málþroska og læsi meðal barna í Breiðholti. Okkar helsta kennsluefni í leikskólanum er Lubbi finnur málbein og orðaspjall auk ýmissa annara verkfæra sem má finna í læsisstefnum Breiðholts og Reykjavíkurborgar.

Þegar kemur að félagsfærni þá hefur stuðningur við jákvæða hegðun verið okkar helsta verkfæri. Stuðningur við jákvæða hegðun er árangursrík leið til að styrkja og viðhalda jákvæðri hegðun barna. Stór hluti af því er að efla félagsfærni. Upplýsingar um þennan þátt er að finna á heimasíðu leikskólans. <http://sudurborg.is/leikskolinn/pbs/tilfinninga-og-felagsfaerni>

Bangsinn Blær er komin inn á allar deildir og vinnan með hann gengur mjög vel. Þetta var sérstaklega góð viðbót við starfið á yngri barna deildunum þó svo að þetta sé mjög gott fyrir allan aldur.

Starfsemi ungbarnadeildarinnar gengur vel og erum við enn að efla okkur í starfi með yngstu börnin. Okkar helstu áherslur þar er umhyggja, efla málþroska og byggja upp umhverfi þar sem þau ná að kanna og uppgötva á sínum forsendum.

Í byrjun júní fór starfsfólk leikskólans í námsferð til Alicante á námskeiðið leikur að læra sem mun nýtast vel inn í starfsemi leikskólans á komandi vetri. Einnig var farið á námskeið í núvitund, bæði til að vinna í því með börnum og fyrir okkur sjálf. Ferðin var í alla staði mjög gott hópefli en auk þess komum við með góð verkfæri heim í vinnu með börnunum.

Við erum því spennt fyrir næsta skólaári og hlökkum til að takast á við þau verkefni sem bíða okkar.



## 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Mat á starfi leikskólans fer fram á reglulegum matsfundum yfir árið, deildastjórafundum og deildarfundum. Í lok skólaárs er síðan farið í heildstætt mat á ákveðnum þáttum leikskólastarfsins á skipulagsdegi starfsmanna. Matsfundir eiga að vera sex á ári, þrír fyrir áramót og þrír eftir áramót. Yngri barna deildir funda sér og eldri barna deildir sér en á hverjum fundi situr einn fulltrúi frá hverri deild. Ekki náðist að halda reglulega matsfundi á síðasta skólaári vegna aðstæðna í leikskólanum og í þjóðfélaginu en það tókst þó einstöku sinnum. Auk þess nýtti leikskólinn skipulagsdaga í lok skólaárs í námsferð og því fór matið að mestu fram á deildarstjórafundum og deildarfundum. Helstu áherslur eldri og yngri deilda voru metnar út frá aldri og þroska barnanna. Við matið var horft til starfsáætlunar og áherslur í starfi síðasta skólaárs. Styrkleikar greindir og horft var til tækifæra á umbótum. Að stórum hluta verða nýtt þau markmið sem við settum okkur á síðasta ári þar sem við teljum að það sé mjög gott að halda áfram með þau og dýpka þar sem covid hélt áfram að setja strik í reikninginn.

### Innra mat

| Hvað var metið?                                  | Hvernig fór matið fram?         | Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir) | Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)                                                                                                                                                                                                   |
|--------------------------------------------------|---------------------------------|------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Notkun starfsáætlunar fyrir starfið á deildinni. | Á deildarstjórafundum           | Deildarstjórar eftir umræður við starfsfólkið á deildarfundum    | Styrkleikar eru þeir að deildarstjórar eru vel meðvitaðir um markmið sem eru sett í starfsáætlun en starfsfólk deildanna síður sem er tækifæri til umbóta.                                                                                                     |
| Leikurinn sem námsleið                           | Deildarstjóra- og deildarfundum | Starfsfólk                                                       | Styrkleikar eru þeir að leikurinn er stór hluti af okkar starfi en starfsfólk er ekki alveg meðvitað um það nám sem þar fer fram og hvernig hver og einn getur stutt við námið sem er tækifæri til umbóta                                                      |
| Þátttaka barna í skipulagi á starfi leikskólans. | Á deildarstjórafundum           | Deildarstjórar                                                   | Styrkleikarnir eru þeir að þetta hefur mikið verið í umræðunni hjá okkur og hluti af deildum hafa nýtt þennan kost en ekki allir. Tækifærin til umbóta eru því þau að við verðum að samræma okkur og fá börnin í reglulegt mat með okkur á starfi leikskólans. |



## Ytra mat

Í ár var bara send út starfsmannakönnun. Niðurstöður könnunarinnar voru í raun ekki marktækar þar sem eingöngu um 15-20% starfsmanna svaraði henni. En það eru greinilega tækifæri til umbóta.

| Hvað var metið?                                 | Hvernig fór matið fram?   | Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir) | Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |
|-------------------------------------------------|---------------------------|------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Líðan starfsmanna, stjórnunarhættir og umhverfi | Starfsmannkönnun á netinu | 15-20% starfsmanna                                               | <p>Helstu niðurstöður eru að starfsmenn eru ekki að fá þessa starfsmannakönnun þar sem aðeins fáir starfsmenn nýta rvk netfangið sitt. Auk þess virðist áhuginn ekki vera mikill að svara þrátt fyrir hvatningu stjórnenda. Hugsanlega er það tækifæri til úrbóta en teljum við að það liggi hjá sviðinu að finna leiðir til að ná til starfsmanna á annan hátt.</p> <p>Við teljum það okkar styrk að við komum nokkuð vel út úr starfsmannakönnun síðustu ár þó svo að einstaka þættir hafa dalað. Meðaltal allra þátta er 4.09 sem er grænt. Starfsánægjan hefur þó dalað einna mest og teljum við að það megi rekja til covid. En mikil þreyta myndaðist á þeim tíma.</p> |



## Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023

| UMBÓTAÞÁTTUR/<br>MATSPÁTTUR                                 | Tækifær<br>i til<br>umbóta                                                | Aðgerðir til<br>umbóta                                                                           | Ábyrgð                           | Hef<br>st  | Loki<br>ð | Hvernig og<br>hvenær<br>metið/aðferðir?                                                                                                                                       | Viðmið um<br>árangur                                                                                   |
|-------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------|------------|-----------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Stjórnun</b>                                             |                                                                           |                                                                                                  |                                  |            |           |                                                                                                                                                                               |                                                                                                        |
| Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar | Að hverju er stefnt?                                                      | Hvernig framkvæmum við það?                                                                      | Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir |            |           | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)                                                                                                                   | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |
|                                                             |                                                                           |                                                                                                  |                                  |            |           |                                                                                                                                                                               |                                                                                                        |
|                                                             |                                                                           |                                                                                                  |                                  |            |           |                                                                                                                                                                               |                                                                                                        |
| <b>Uppeldis- og menntastarf</b>                             |                                                                           |                                                                                                  |                                  |            |           |                                                                                                                                                                               |                                                                                                        |
|                                                             | Að allt starfsfólk þekki hlutverk sitt og mikilvægi leiksins sem námsleið | Fá fræðslu um mikilvægi leiksins sem námsleið og hlutverk starfamanna á skipulagsdegi að hausti. | Leikskólastjórnendur             | Haust 2022 | Vor 2023  | Verður metið um áramót og að vori. Samtalið tekið á deildarfundum með fyrir fram ákveðnar spurningar sem síðan eru ræddar á matsfundi eldri deilda og matsfundi yngri deilda. | Að starfsfólk þekki mikilvægi leiksins sem námsleið, hlutverk sitt í leiknum og nýti það í starfi.     |
|                                                             |                                                                           |                                                                                                  |                                  |            |           |                                                                                                                                                                               |                                                                                                        |
| <b>Mannauður/<br/>Leikskólabragur</b>                       |                                                                           |                                                                                                  |                                  |            |           |                                                                                                                                                                               |                                                                                                        |



|           |                                                                                                                    |                                                                                                                                                                                                                     |                                                                                                                                                               |            |               |                                                                                                                        |                                                                                                      |
|-----------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------|---------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|           | Stuðla að jákvæðu andrúmslofti í Suðurborg með það að markmiði að öllum líði vel og njóti þess að vera í vinnunni. | Með samræðum á deildarfundum um mikilvægi jákvæðs viðhorfs og samvinnu. Gera könnun á því hvað má betur fara í samskiptum okkar á milli. Bæta við viðburðum innan sem og utan vinnu til þess að efla okkur sem hóp. | Stjórnendateymi leikskólans. Deildarstjórar taka umræðu á deildarfundum og í framhaldi er gerð könnun. Stjórnendur taka saman og setja hugmyndir í framkvæmd. | Haust 2022 | Loka árs 2022 | Starfsmannakönnun í febrúar 2023.                                                                                      | Að þessi hluti starfsmannakönnunar hafi farið upp í næstu könnun. Að starfsfólk sé ánægt í vinnunni. |
|           |                                                                                                                    |                                                                                                                                                                                                                     |                                                                                                                                                               |            |               |                                                                                                                        |                                                                                                      |
| Innra mat |                                                                                                                    |                                                                                                                                                                                                                     |                                                                                                                                                               |            |               |                                                                                                                        |                                                                                                      |
|           | Að börnin séu virkir þátttakendur í endurmati og vali á verkefnum í starfi leikskólans                             | Sjá innra mat eldri deilda.                                                                                                                                                                                         |                                                                                                                                                               |            |               |                                                                                                                        |                                                                                                      |
|           | Að allt starfsfólk þekki markmið og leiðir starfsáætlunar og styðjist við hana.                                    | Með kynningu að hausti á starfsáætlun og hafa svo töflur með markmiðum og leiðum aðgengilegt á deildum og í undirbúningsherbergi.                                                                                   | Leikskólastjóri með kynningu og deildarstjórar með aðgengi og eftirfylgd.                                                                                     | Haust 2022 | Vor 2022      | Umræður á reglulegum deildarfundum og matsfundum. Endanlegt mat fer svo fram á skipulagsdegi að vori. Spurningakönnun. | Að allt starfsfólk þekki og skilji hlutverk starfsáætlunar og vinni samkvæmt henni.                  |



### 3 Innra mat yngri deilda

#### Niðurstöður innra mats yngri deilda starfsárið 2022-2023

**Lubbi finnur málbein:** Í heildina gekk vel að halda hugmyndinni um Lubba lifandi. Lubbi var nýttur að einhverju leiti í samverustundum á yngri deildum sem og í söngstundum.

**Styrkleikar:** Börnin hafa gaman að Lubba og var hann nýttur mikið í upphafi skólaárs. Starfsfólk var meðvitað um að leggja inn hljóðin og atkvæðin.

**Tækifæri til umbóta:** Það sem hefði þurft að vinna betur með voru tákinn fyrir hvert hljóð fyrir sig og textar laganna og því var ákveðið var að setja Lubba aftur inn í umbótaáætlun næsta starfsárs.

**Könnunarleikur, hópastarf og Blær:** Markmiðum þessara þátta var að stórum hluta náð. Starfsfólk deildanna tók virkan þátt í að efla starfið þegar kom að þessum þáttum.

**Styrkleikar:** Börnin nutu sín vel í könnunarleiknum og höfðu gaman af því að kanna efniviðinn og möguleika hans en auk þess skapast mikill hugtakaskilningur í leiknum. Hópastarfið gekk einnig mjög vel og voru deildarnar virkar í að vinna með þemu mánaðarins og börnin náðu góðri hæfni í þeim hugtökum sem voru lögð inn. Einnig var mikil málörvun í gangi í hópastarfinu og tók málproski þeirra miklum framförum á skólaárinu. Námsefnið Blær kom nýtt inn í starfið á síðasta skólaári og var markmið okkar að börnin lærðu að þekkja bangsann Blæ og kynnast lögum námsefnisins. Öll börnin á yngri deildum þekkja bangsann sinn og leita oft í hann ásamt því að sofa með hann í hvíldinni. Einnig eru þau farin að þekkja texta vinsælustu laganna tengdu námsefninu.

**Tækifæri til umbóta:** Enn þarf að fara yfir dótið í könnunarleiknum sem er orðið gamalt og er þörf á endurnýjun. Hvað varðar bangsann Blæ þá mætti nýta gögnin og verkfærin sem fylgja námsefninu betur.

**Smiðja:** Þessa þáttur gekk ekki nógu vel og datt smiðjan því miður meira og minna út þetta skólaár. Farið var í smiðju á deildum yfir árið en það var þó ekki skipulagt og gerðist alltof sjaldan.

**Styrkleikar:** Þegar farið var í smiðju var það gert vel og börnin nutu stundanna mikið.

**Tækifæri til umbóta:** Koma þarf smiðju inn í skipulagt starf deildarinnar og virkja starfsfólk deildanna í að sjá um smiðju og finna efnivið eða koma með hugmyndir. Þess vegna höfum við ákveðið að setja smiðju aftur inn í umbótaráætlun í sama formi og áður.

| UMBÓTAÞÁTTUR/<br>MATSPÁTTUR                                 | Tækifæri til umbóta                                         | Aðgerðir til umbóta                                                                                                                                                                                                                                                                               | Ábyrgð                                                                                                                                                                                                                                                                                                                   | Hefst      | Lokið    | Hvernig metið/aðferðir?                                                                                                                                                                                                                                                 | Viðmið um árangur                                                                                                                             |
|-------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------|----------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar | Að hverju er stefnt?                                        | Hvernig framkvæmuð m við það?                                                                                                                                                                                                                                                                     | Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir                                                                                                                                                                                                                                                                                         |            |          | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)                                                                                                                                                                                                             | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.                                        |
| Smiðja                                                      | Endurvekja smiðju líkt og hún var fyrir nokkrum árum síðan. | Stefnt er að því að hafa smiðju einu sinni í viku á hverri deild þar sem fjölbreyttur efniviður verður nýttur. Smiðja fór vel af stað síðastliðið haust en fljótlega var kominn skortur á hugmyndum og þá féll smiðjan upp fyrir. Þetta árið mun starfsfólk safna hugmyndum saman í sameiginlegan | Starfsfólk skiptist á að sjá um smiðju mánaðarlega. Starfsfólk mun þannig bera ábyrgð á því hvernig smiðjan fer fram ásamt því að finna efni fyrir smiðjuna. Undirbúnings-tími getur nýst starfsfólki vel þegar kemur að því að finna efni fyrir smiðju svo sem með því að leita hugmynda á netinu og undirbúa smiðjuna. | Sept. 2022 | Mái 2023 | Smiðja verður metin mánaðarlega á matsfundum. Eftir matsfundi verður smiðja rædd á deildarfundum. Einnig verður gerð skrifleg skráning á smiðjustundum ásamt því að ljósmyndaskránin g verði gerð. Þær skráningar geta svo nýst í sameiginlegan gagnabanka starfsmanna. | Markmiðið er að gera starfið fjölbreytt og áhugavert fyrir börnin. Í smiðju er hægt að efla skynfæri ásamt því að efla fín- og grófhreyfingar |



|                   |                                                                                                                   |                                                                                                                      |                                                                                                                                                         |            |          |                                                                                                                                |                                                                                                                                           |
|-------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------|----------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|                   |                                                                                                                   | gagnabanka sem allir hafa aðgang að og geta leitað hugmynda fyrir smíðju.                                            |                                                                                                                                                         |            |          |                                                                                                                                |                                                                                                                                           |
| Könnunarleikur    | Fara yfir dótið sem er í könnunarleiknum á hverri deild ásamt því að bæta við nýjum atriðum sem eflir nýja hæfni. | Dótið er orðið gamalt og illa farið og þarf að skipta því út ásamt því að fá nýja þætti inn svo sem skynjunarspjöld. | Stjórnendur leikskólans vinna saman að því að fara yfir dótið sem er til, farga því sem þarf og kaupa inn eða finna nýjan efnivið sem nýtist í leiknum. | Sept. 2022 | Mai 2023 | Í október munum við hittast á matsfundi þar sem farið verður yfir hvort búið sé að fara yfir og bæta efnivið könnunarleiksins. | Að búið sé að endurnýja efnivið könnunarleiksins og að efniviðurinn ýti undir nýja hæfni og þau fá að kynna ólíkum áferðum til skynjunar. |
| Hreyfistund í sal | Að salatímar séu betur nýttir og að skipulögð hreyfistund sé sett upp einu sinni í viku.                          | Með því að virkja starfsfólk í að setja upp brautir og fara í leiki sem ýta undir hreyfiproska barnanna.             | Deildarstjórar bera fyrst og fremst ábyrgð á því að endurskipuleggja starfið sem á sér stað í salatímum.                                                | Sept. 2022 | Mai 2023 | Fara yfir salastundir á deildarfundum og safna hugmyndum sem verða settar í sameiginlegan gagnabanka yngri deilda.             | Að salastundir séu nýttar einu sinni í viku í skipulagða hreyfistund sem eflir hreyfiproska og að gagnabankinn vex á tímabilinu.          |
| Lubbi             | Vinna markvissara með táknin og texta söngvanna.                                                                  | Með því að spila lögin meira t.d. í frjálsum leik og að sýna börnum táknin og kenna fyrir hvert hljóð.               | Allt starfsfólk deildanna ber ábyrgð á að fylgja þessu eftir og deildarstjórar hafa yfirumsjón með því að starfsfólk þekki námsefnið.                   | Sept. 2022 | Mai 2023 | Nýta deildarfundir í að meta stöðuna og gengi Lubbastunda. Einnig munu deildarstjórar hittast á matsfundum yfir skólaárið.     | Að öll börn kunni táknin og hljóðin fyrir sína stafi. Að börnin þekki texta Lubba laganna.                                                |



## 4 Innra mat eldri deildar

Allt starfsfólk fékk tækifæri til að lesa sig til um einingakubba Caroline Pratt. Einingakubbarnir voru ekki notaðir í hópastarfi en notaðir markvisst í hringekju, í vali og í hádegisstundum elstu barnanna þó misjafnt á milli deilda. Einingakubbanámskeiðið féll niður vegna Covid-19 og ekki náðist að kynnast aðferðum annarra leikskóla sem nota einingakubba markvisst.

Numicon hefur verið notað markvisst í hópastarfi og var markmið síðasta vetrar að nýta það í frjálsum leik og vali. Þar sem Numicon er þegar þekkt leikefni á Suðurborg þá reyndist nokkuð vel að nota það í vali barnanna. Það var þó misjafnt á milli deilda hversu vel reyndist.

| UMBÓTAÞÁTTUR<br>R/<br>MATSPÁTTUR                                                                                         | Tækifæri<br>til umbóta                                                                                     | Aðgerðir<br>til umbóta                                                 | Ábyrgð                                 | Hefst     | Lokið          | Hvernig<br>metið/aðferðir?                                            | Viðmið um<br>árangur                                                                                                        |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------|-----------|----------------|-----------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar                                                              | Að hverju er og stefnt?                                                                                    | Hvernig framkvæmum við það?                                            | Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir       |           |                | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)           | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.                      |
| Auka markvisst notkun einingakubbum og samræma á milli eldri deilda notkun í hringekju, í vali og í stundum elstu barna. | Nýta einingakubba í hringekju, í vali og hádegistundum elstu barnanna. Gera markmið fyrir haust og vorönn. | Kynna á haust-skipulagsdegi markmið vetrarins.                         | Deildarstjórarnir                      | Haut 2022 | Í lok maí 2023 | Á deildarfundum og matsfundum deildarstjóra.                          | Að kubbornir séu í markvissri notkun og stöðugri þróun sem nýtast börnunum í hugmyndaflugi og sköpun.                       |
| Fá kynningu á einingarkubbum                                                                                             | Að starfsfólk fái fyrirlestur eða kynningu á kubbum á skipulagsdegi.                                       | Að starfsfólk fái kynningu og þekki vel til hugmyndafræði einingakubba | Leikskólastjórnir og deildarstjórarnir | Haut 2022 | Janúar 2023    | Á deildarfundum og matsfundum deildarstjóra. Starfsfólk svari könnun. | Að starfsfólk hafi öðlast þekkingu á kubbum og séu örugg í sínu starfi þegar kemur að kubbum og hlutverki sínu sem kennari. |



|                                        |                                                                                                                                                        |                                                                                                                                                   |                                                            |            |                |                                                                                               |                                                                                                                                                                                           |
|----------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------|------------|----------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Numicon í frjálsum leik og vali        | Að nýta Numicon stærðfræði-kubba í frjálsum leik og vali. Að þau kynnist stærðfræði-hugtökum og efli stærðfræði-vitund.                                | Að leikefnið sé aðgengilegt fyrir börnin í frjálsum leik og í vali.                                                                               | Að kennslu-efnið sé aðgengilegt í frjálsum leik og í vali. | Haust 2022 | Í lok maí 2023 | Með umræðum á deildarfundum og á matsfundum.                                                  | Að börnin hafi tækifæri til að nýta Numicon í leik og vali og séu farin að tileinka sér stærðfræði-hugtök og þekking þeirra sést í leiknum.                                               |
| Vínáttuverkefnið Blær                  | Að börnin þekki Blæ, geti sett orð á tilfinningar sínar og geta set sitt í spor annarra. Að börnin þekki klípusögurnar, leiki og lög sem tilheyra Blæ. | Markvissar Blæ stundir, hvort sem er í hópastarfi, hringekju eða í samverustundum. Markmið fyrir haustönn og vorönn.                              | Starfsfólk deildanna og deildarstjórar                     | Haust 2022 | Í lok maí 2023 | Með umræðum á deildarfundum og matsfundum deildarstjóra                                       | Að börnin þekki Blæ og fyrir hvað hann stendur. Að þau geti tekið virkan þátt í Blæstundum og umræðum.                                                                                    |
| Að börnin séu þátttakendur í námi sínu | Að börnin hafi meiri áhrif á nám sitt og daglegar athafnir                                                                                             | Hópastarfsfundir til að ræða hvað þau vilja taka fyrir í hópastarfi. Hlusta þarf á sjónarmið barnanna og koma á ákveðnu verklagi hvað það varðar. | Hópstjórar og deildarstjórar                               | Haust 2022 | Janúar 2023    | Rýnihópar í hópastarfi. Haldið utan um óskir barna. Funda að hausti og í janúar sem endurmat. | Sjónamið barnanna sé virt í hópastarfi og að þau hafi rödd í leikskóla-samfélaginu og að við lítum á þau sem samstarfsaðila og jafningja. Að börnin hafi áhrif á nám sitt í leikskólanum. |



## 5 Innra mat sérkennslu

### Mat á sérkennslu 2021-2022

|                                                                                                                                                                                                                        |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <p><b>Skipulagning sérkennslu 2021-2022</b></p> <p>Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar.</p> <p>Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p> | <p>Í leikskólanum starfa tveir sérkennslustjórar og heldur annar utan um sérhæfingu leikskólans sem er atferlisíhlutun fyrir börn með einhverfu og/eða aðrar raskanir (S1). Hinn sérkennslustjórinn heldur utan um og vinnur með málþroska raskanir barna, hvort sem það er í hópum eða með einstaka börnum (S2). Viðkomandi er þá á deildunum 1-2 daga fyrir hádegi og vinnur með börnunum. Í báðum tilfellum er unnið með börnin í einstaklingskennslu og í hópum en það fer allt eftir getu og þroska barnanna en auk þess er tekið mið af fötlun/röskun.</p> <p>S1= skráningar eru daglegar í hverri þjálfunarstund á þar til gerð eyðublöð sem fylgja atferlisíhlutun. Undirbúningur vinnufundar er samantekt á skráningum yfir ákv. tímabil á milli teymisfunda og sent á þá sem sitja í teyminu. Auk þess er reglulegt endurmat á nýrri færni eftir því sem lærd færni hjá barninu eykst og nýjum flokkum bætt við eftir þörfum.</p> <p>S2 - Notuð eru skráningarblöð frá talmeinafræðingum á ÞB. Þau eru hluti af samstarfsverkefninu í Breiðholti, Læsi allra mál.</p> |
| <p><b>Hvaða matsgögn voru notuð?</b></p> <p>Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>                                                                                                                               | <p>S1= unnið eftir er færnimatslista úr bókinni Behavioral Intervention for Young Children with Autism og WB-mapp. Fyllt hefur verið í AEPS og einstaka kaflar hafa verið ljósritaðir úr ABLLS-R eftir þörfum.</p> <p>S2 - Hljóm-2 og EFI-2</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |
| <p><b>Hvaða námsefni var notað?</b></p> <p>Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>                                                                                                                                        | <p>S1= ýmist eru notuð aðkeypt námsgögn eða þau útbúin í leikskólanum. Suðurborg á töluvert af námsgögnum sem hafa verið búin til á staðnum og nýtast á milli tímabila þjálfunar.</p> <p>S2 - Super Duper stokkar, sögubækur, alls kyns spil, Ipad, verkefnabækur s.s Orðagull, Orðahljóð.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  |

## Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023 -S1

| UMBÓTAÞÁTTUR/<br>MATSPÁTTUR  | Tækifæri<br>til<br>umbóta                                  | Aðgerðir<br>til<br>umbóta                                                                                                                                                                                                 | Ábyrgð                                                                      | Hefst        | Lokið       | Hvernig<br>metið/aðferðir?           | Viðmið<br>um<br>árangur                                                                                     |
|------------------------------|------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------|--------------|-------------|--------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Aukin færni í<br>samskiptum. | Halda áfram að<br>leggja<br>áherslu á<br>félags-<br>færni. | Spila-stundir<br>með öðrum<br>börnum.<br>Þátttaka í<br>mynd-<br>rænu vali á<br>deild og í<br>frjálsum leik<br>eftir getu<br>barnsins.<br>Þátttaka í<br>skólahóp.<br>Auk þess að<br>taka þátt í<br>hreyfi-<br>stund í sal. | Sérkennslu-<br>stjóri 1 og<br>umsjónar-<br>þjálfari<br>viðkomandi<br>barns. | Haut<br>2022 | Vor<br>2023 | Daglegar eða<br>tímabils- skráningar | Aukin<br>færni í<br>sam-<br>skiptum á<br>milli barna<br>með<br>einhverfu<br>og annarra<br>barna á<br>deild. |

## Umbótaáætlun sérkennslu – S2

| UMBÓTAÞÁTTUR<br>R/<br>MATSPÁTTUR                              | Tækifæri til<br>umbóta                                                                                                                                                                                                                            | Aðgerðir til<br>umbóta                                                                                                                                                                                                                                                                                   | Ábyrgð                                                        | Hefst                      | Lokið                | Hvernig<br>metið/aðferð<br>ir?                                                   | Viðmið um<br>árangur                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                |
|---------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------|----------------------------|----------------------|----------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Skipulag á<br>einstaklings- og<br>hópa stundum í<br>málörvun. | Halda áfram að<br>efla málörvun á<br>hverri deild og<br>efla samræður<br>milli barna og<br>milli barna og<br>fullorðinna.<br>Einnig að virkja<br>starfsmenn<br>deildanna í<br>málörvun og að<br>þeir séu<br>meðvitaðir um<br>mikilvægi<br>hennar. | Að sérkennslu-<br>stjóri 2 eigi sinn<br>tíma á hverri<br>deild og sinni<br>þar þeim<br>börnum sem<br>þurfa auka<br>aðstoð í<br>málörvun hvort<br>sem það er í<br>hópnum og/eða<br>einstak-<br>lingslega. En<br>auk þess að<br>vera til staðar til<br>að styrkja<br>starfsmenn í<br>daglegri<br>málörvun. | Aðstoðar<br>Leikskóla<br>stjóri og<br>sérkennslu-<br>stjóri 2 | Strax að<br>hausti<br>2022 | Í byrjun<br>árs 2023 | Endurmats-<br>fundur.<br>Sérkennslu<br>stjóri 2 í samvinnu<br>við deildarstjóra. | Að sá<br>stuðningur sem<br>börnin fá sé<br>mun<br>markvissari og<br>að hann sé á<br>þeirra heima<br>svæði. Auka<br>þannig öryggi<br>barnanna hvort<br>sem þau eru að<br>vinna í hópnum<br>eða eitt og sér<br>með sérkennslu<br>stjóra 2. Auk<br>þess er hægt að<br>grípa meira inn í<br>og yfirfæra í leik<br>barnanna það<br>sem þau hafa<br>lært. |

## 5 Innra mat – fjöltyngd börn

### Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

|                                                                                                                                                                                                                                |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?                                                                                                                                        | Fjármagnið fer í laun starfsmanns sem heldur utan um og vinnur sérstaklega með fjöltyngd börn sem þurfa á auka aðstoð að halda.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                |
| Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt?<br>Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?                                                                                                               | Unnið er með Gefðu 10 á deildum og lögð áhersla á að það sé notað daglega ef þess er þörf. Farið er yfir sjónrænt dagsskipulag á öllum deildum að morgni. Notum Lubbi finnur málbein til þess að æfa málhljóðin og auka orðaforða og auðvitað er daglegur bókaletur. Í hópastarfi er lögð áhersla á mál og læsi og stærðfræði. Við lærum texta og þulur í söngstundum og förum yfir merkingu textans og útskýrum.                                                                                                                                                              |
| Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt?<br>Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?                                                                                     | Vísa mánaðarins er á öllum deildum með áherslur á ákveðin orðaforða, t.d. liti, árstíðir og fleira. Reglulegar lestrar- og samverustundir. Einstaklings/flæðislestur fyrir þau börn sem þurfa dýpkun á orðaforða. Reynum að vinna með litla hópa til að börnin fái sem mest út úr stundinni. Þau börn sem þess þurfa fá málörvunartíma 1x til 3x í viku hjá verkefnastjóra fjölmennings Vinnu með ípad, smáforrit og sögugerð, spil, bækur orðagull.                                                                                                                           |
| Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt?<br>Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?                                                                                         | Við notum EFl2 og Hljóm2 til þess að meta stöðuna hjá börnunum í samræmi við leiðbeiningar frá ÞB. Þegar börn koma slök út er inngrip í 3 mánuði í leikskólanum þar sem lögð er áhersla á alla þætti máls, endurmetið og unnið út frá því. Þetta verklag er samkvæmt leiðbeiningum frá talmeinafræðingum þjónustumiðstöðvarinnar Einstaklingsáætlanir eru gerðar og áætlanir til þess að auka alla þætti máls. Einnig er alltaf skráð árangursmat eftir hvern tíma. Notuð eru skráningablöð frá talmeinafræðingum á ÞB sem eru hluti af samstarfsverkefninu Læsi er allra mál. |
| Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun. | Í málörvunarstundum er markvisst unnið að því að efla skilning og tjáningu. Börnunum er gefið tækifæri á að nota og skilja tungumálið, vinnu með orðaforða, málfræði, setningar, málnotkun og hljóðkerfisvitund samkvæmt læsisáætlun Breiðholts. Einnig er áhersla á alla þætti máls í deildarstarfinu ásamt ritmáli. Félagsfærni og tilfinningavinna fer meðal annars fram í með því að nota bangsann Blæ og Stuðningur við jákvæða hegðun (PBS), hugmyndafræði þar sem börn læra félagslegt tungumál og tilfinningaorðaforða.                                                |

### Umbótaáætlun –fjöltyngi 2022-2023

| UMBÓTAÞÁTTUR<br>/<br>MATSPÁTTUR   | Tækifæri<br>til<br>umbóta                                                          | Aðgerðir til<br>umbóta                                                                              | Ábyrgð                                                     | Hefs<br>t    | Loki<br>ð   | Hvernig<br>metið/aðferðir<br>?                                           | Viðmið<br>um<br>árangur                                            |
|-----------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------|--------------|-------------|--------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------|
| Setja málstefnu<br>í leikskólanum | Efla íslensku<br>sem aðalmál<br>inn í<br>leikskólanum<br>meðvitað og<br>með því að | Setja okkur<br>málstefnu svo<br>starfsfólk og<br>foreldrar séu<br>meðvitaðir um<br>okkar stefnu. Fá | Deildarstjóri<br>fjölmenninga<br>r og<br>leikskólalastjóri | Haut<br>2021 | Vor<br>2022 | Umræður á<br>matsfundum<br>stjórnenda og<br>könnun meðal<br>starfsmanna. | Að allir<br>séu<br>meðvitaðir<br>um stefnu<br>leikskólans<br>þegar |



|  |                                                   |                                                                                                                   |  |  |  |  |                                                                                                                    |
|--|---------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--|--|--|--|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|  | taka<br>ákvörðum<br>um það í<br>málstefnunni<br>. | til okkar<br>sérfræðinga<br>Brúarsmiðjunna<br>r til að kynna og<br>aðstoða okkur<br>við að koma<br>þessu af stað. |  |  |  |  | kemur að<br>íslensku<br>sem okkar<br>heimamál<br>og að það<br>sé styrkur í<br>því í starfi<br>með<br>börnunum<br>. |
|--|---------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--|--|--|--|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|

Við höfum nú þegar hafið þessa vinnu en hún er stutt á veg komin. Við erum í samstarfi með miðju máls og læsis og munum í samvinnu við þær setja upp okkar málstefnu. Búið er að funda einu sinni en auk þess er á áætlun kynning og umræður um viðhorf okkar til fjölmennningar og málsstefnu almennt í september undir handleiðslu þeirra frá miðju máls og læsis.



## 6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Allt starfsfólk fékk eitt samtal á þessu skólaári og hluti þeirra annað er það meðal annars vegna Covid ástandsins sem það gekk illa. Við stefnum samt ótrauð áfram og stefnum að því að byrja á þeim fljótlega í september eins það á að vera. Skipulagið verður eins og það átti að vera síðasta skólaár.

Starfsþróunarsamtöl eða snerpusamtöl eins við höfum ákveðið að taka upp byrja að hausti og verða reglulega yfir árið. Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og/eða deildarstjórar vinna eftir ákveðnum undirbúningsblöðum sem stjórna samtalinu á hnitmiðaðan hátt. Starfsmaður fær einnig viðkomandi umræðupunkta þegar hann er boðaður í samtal til þess að undirbúa sig.

Öll námskeið og endurmenntun eru auglýst á kaffistofu leikskólans og stendur öllu starfsfólki til boða að skrá sig á námskeið, málþing og annað sem auglýst er eftir áhuga og þörfum. Starfsfólk er hvatt til að fylgjast með og leggja fram óskir. Á síðasta skólaári fóru 4 starfsmenn á fagnámskeið 1 og/eða 2 sem er í boði hjá Eflingu. Mikill áhugi er á því námskeiði og munu nokkrir starfsmenn fara á það á komandi skólaári.

Símenntun leikskólans í heild sinni verður á skipulagsdögum og á reglulegum fundum í leikskólanum. Skipulagsdagar hafa verið skipulagðir með það í huga og fyrirlesarar fengnir til að kynna sitt sérsvið.

Fyrirlestrar sem eru á áætlun fyrir næsta skólaár eru:

- Einingakubba námskeið.
- Fjölmennning, viðhorf og málstefna
- Áframhald á að Vanda komi með verkfærakistuna - félagsfærni
- Betri borg fyrir börnin – sameiginlegur starfsdagur skóla í Breiðholti. Nánari upplýsingar síðar.
- Skyndihjálp.

## 7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Eins og með svo margt hefur samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvar ekki verið með sama hætti og árin fyrir Covid en það verður vonandi breyting á því þetta skólaárið. Í venjulegu árferði funda leik- og grunnskólakennarar að hausti og hefja þannig samstarfið það skólaárið. Á fundinum eru ræddar helstu áherslur í starfi beggja skólastiga og skipulag heimsóknna í hvorn skólann fyrir sig.



Ákveðið skilaskjal fylgir börnunum í grunnskólann að loknum leikskóla og eru skjölin afhent á skilafundi í lok maí hvert skólaár. Þau börn sem ekki fara í hverfisskólann fá skjölin með sér í viðkomandi skóla.

Elstu börn leikskólans fara í fjórar heimsóknir í grunnskólann, tvær fyrir áramót og tvær eftir áramót og börnin í fyrsta bekk koma tvisvar í heimsókn í leikskólann á vorönninni. Leikskólabörnin fara í fyrstu heimsóknina að hausti og er það kynning á húsakynnum skólans og á útileiksvæði í og við skólann. Í annarri heimsókninni fá þau að taka þátt í kennslustund og fara svo börnin með 1.bekkingum út í frímínútur. Í þriðju heimsókninni er kennslustund og nestistími. Fjórða heimsóknin er heimsókn með foreldrum en þá fara börnin í kennslustund og foreldrar fá kynningu á skólafarferðum. Einnig er þeim boðið að taka þátt í íþróttatíma hjá 1. bekk auk þess fara börnin einu sinni í viku í íþróttatíma á vegum ÍR en tímarnir fara fram í íþróttahúsi Hólabrekkuskóla og eru tímarnir góður undirbúningur fyrir komandi íþróttatíma. Þá fara börnin einnig í heimsókn Álfheima, frístundaheimili grunnskólans. Þegar grunnskólabörnin koma í heimsókn í leikskólann taka þau þátt í starfi innandyra fyrra skiptið en utandyra í seinna skiptið.

Fyrir þremur árum fengu börnin í Suðurborg lánaða skólastofu í Hólabrekkuskóla aðra hverja viku til þess að kynna þvi hvernig það er að vera í grunnskóla. Börnin unnu verkefni ásamt leikskólakennurum, kynntu sér fataklefa, klósettaðstöðu og annað sem fylgir grunnskólanum. Þetta tókst vonum framan og teljum við að með þessu séu við að stuðla að auknu öryggi hjá börnunum þegar þau hefja svo sína grunnskólagöngu. Það er okkar von að það muni ganga upp á vorönn að vinna þetta verkefni eins og gert var á sínum tíma.

## 8 Foreldrasamvinna

Í Suðurborg er starfandi foreldraráð og í því eiga sitja þrír fulltrúar. Tilgangur foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefnda um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi (Lög um leikskóla 90/2008). Kosið er í ráðið á aðalfundi foreldrafélagsins í september/október ár hvert. Leikskólastjóri fundar með foreldraráðinu fjórum sinnum á ári, tvisvar fyrir áramót og tvisvar eftir áramót.



Í leikskólanum er starfandi foreldrafélag, þar sitja fulltrúar frá hverri deild auk tveggja tengiliða frá leikskólanum. Stjórn foreldrafélagsins fundar einu sinni í mánuði og heldur utan um ýmsar upptækur í leikskólanum.

Kynning á starfi vetrarins fer fram í foreldraviðtölum að hausti. Deildarstjórar bjóða hverju foreldri tíma og fara yfir áherslur vetrarins auk líðan barnsins í byrjun skólaárs. Allir foreldrar fá afhentan bækling um starf vetrarins. Kynningafundir hafa ekki borið árangur vegna dræmrar mætingu foreldra og því ætlum við að halda áfram með þessa leið.

Áætlað er að bjóða foreldrum í morgunkaffi eða síðdegiskaffi mánaðalega í vetur en auk þess verður hið árlega foreldrakaffi á aðventunni í byrjun desember. Þá verður foreldrum boðið uppá heimabakaðar piparkökur skreyttar af börnunum og heitt kakó. Foreldrar hafa einnig tækifæri til að taka þátt í hinum ýmsu upptækum sem leikskólinn býður uppá s.s. sveitaferð, opnu húsi og sumarhátíð.

Foreldraviðtöl verða í október og mars og geta foreldrar valið sér tíma á ákveðnum dögum. Í viðtalinu að hausti er farið yfir líðan barnanna í hópnum eftir aðlögun, hvort sem er inn í leikskólann eða á milli deilda auk kynningar á starfi vetrarins. Foreldrum gefst einnig tækifæri til að koma með sín viðhorf til leikskólastarfsins og þeirra áherslur í uppeldi barnsins.

Í viðtalinu að vori er farið yfir athuganir sem gerðar eru á þroska barnanna. Foreldraviðtal elstu barna að vori er í maí þar sem farið er yfir skilaskjöl sem fylgja börnunum í grunnskólann.

Við bjóðum upp á túlkaviðtöl fyrir foreldra af erlendum uppruna og á það bæði við foreldraviðtöl sem eru tvisvar á ári og fyrsta viðtal þegar börnin eru að byrja í leikskólanum þar sem þau fá mikilvægar upplýsingar um leikskólann. Foreldrar barna af erlendum uppruna fá auk þess túlk í aðlögun ef þörf er á.

Við sendum líka mikilvægar upplýsingar á ensku og pólsku ásamt íslensku, bæði í tölvupósti og á tilkynningartölfum í fataklefa hverrar deildar. Við höfum auk þess nýtt krafta okkar starfsmanna af erlendum uppruna til þess að túlka og eða þýða fyrir okkur í daglegu starfi hagnýtar upplýsingar sem upp geta komið hverju sinni og er það gert í samvinnu við foreldra barna í leikskólanum.



## 9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

29. ágúst 2022- Fjölmenning, vinna með málstefnu og skipulag skólaárs.
22. september – Ráðstefna um yngri börnin-vinna á deildum
18. nóvember – Skyndihjálp og skipulag á starfi
2. janúar - Einingakubbar og skipulag á starfi.
3. mars – Undirbúningur fyrir foreldraviðtöl og endurmat
10. maí – Ráðstefna í borginni.

| AGÚST                     | SEPTEMBER     | OKTÓBER | NÓVEMBER | DESEMBER               | JANÚAR              | FEBRÚAR | MARS               | APRÍL              | MAÍ                 | JÚNÍ           | JÚLÍ |
|---------------------------|---------------|---------|----------|------------------------|---------------------|---------|--------------------|--------------------|---------------------|----------------|------|
| 1 M Þráttur endurmenninga | 1 F           | 1 L     | 1 Þ      | 1 F Fjölmenningur      | 1 S Vetrardagur     | 1 M     | 1 M                | 1 L                | 1 M Vetrardagurinn  | 1 F            | 1 L  |
| 2 Þ                       | 2 F           | 2 S     | 2 M      | 2 F Vetrardagurinn     | 2 M Skipulagsdagur  | 2 F     | 2 F                | 2 S Þrátturinn     | 2 Þ                 | 2 F            | 2 S  |
| 3 M                       | 3 L           | 3 M     | 3 F      | 3 Þ 2012 bílur í skóla | 3 Þ                 | 3 F     | 3 F Skipulagsdagur | 3 M                | 3 M                 | 3 L            | 3 M  |
| 4 F                       | 4 S           | 4 Þ     | 4 F      | 4 S                    | 4 M                 | 4 L     | 4 L                | 4 Þ                | 4 F Þrátturinn      | 4 S Þrátturinn | 4 Þ  |
| 5 F                       | 5 M           | 5 M     | 5 L      | 5 M                    | 5 F                 | 5 S     | 5 S                | 5 M                | 5 F                 | 5 M            | 5 M  |
| 6 L                       | 6 Þ           | 6 F     | 6 S      | 6 Þ 2012 bílur í skóla | 6 F Vetrardagurinn  | 6 M     | 6 M                | 6 F Skipulagsdagur | 6 L                 | 6 Þ            | 6 F  |
| 7 S                       | 7 M           | 7 F     | 7 M      | 7 M                    | 7 L                 | 7 Þ     | 7 Þ                | 7 F Þrátturinn     | 7 S                 | 7 M            | 7 F  |
| 8 M                       | 8 F Dagurinn  | 8 L     | 8 Þ      | 8 F                    | 8 S                 | 8 M     | 8 M                | 8 L                | 8 M                 | 8 F            | 8 L  |
| 9 Þ                       | 9 F           | 9 S     | 9 M      | 9 F Vetrardagurinn     | 9 M                 | 9 F     | 9 F                | 9 S Þrátturinn     | 9 Þ                 | 9 F            | 9 S  |
| 10 M                      | 10 L          | 10 M    | 10 F     | 10 L                   | 10 Þ                | 10 F    | 10 F               | 10 M Annar í þróun | 10 M Skipulagsdagur | 10 L           | 10 M |
| 11 F                      | 11 S          | 11 Þ    | 11 F     | 11 S                   | 11 M                | 11 L    | 11 L               | 11 Þ               | 11 F                | 11 S           | 11 Þ |
| 12 F                      | 12 M          | 12 M    | 12 L     | 12 M                   | 12 F                | 12 S    | 12 S               | 12 M               | 12 F                | 12 M           | 12 M |
| 13 L                      | 13 Þ          | 13 F    | 13 S     | 13 Þ                   | 13 F Vetrardagurinn | 13 M    | 13 M               | 13 F               | 13 L                | 13 Þ           | 13 F |
| 14 S                      | 14 M          | 14 F    | 14 M     | 14 M                   | 14 L                | 14 Þ    | 14 Þ               | 14 F Dagurinn      | 14 S                | 14 M           | 14 F |
| 15 M                      | 15 F          | 15 L    | 15 Þ     | 15 F                   | 15 S                | 15 M    | 15 M               | 15 L               | 15 M                | 15 F           | 15 L |
| 16 Þ                      | 16 F Dagurinn | 16 S    | 16 M     | 16 F Vetrardagurinn    | 16 M                | 16 F    | 16 F               | 16 S               | 16 Þ                | 16 F           | 16 S |
| 17 M                      | 17 L          | 17 M    | 17 F     | 17 L                   | 17 Þ                | 17 F    | 17 F               | 17 M               | 17 M                | 17 L           | 17 M |
| 18 F                      | 18 S          | 18 Þ    | 18 F     | 18 S                   | 18 M                | 18 L    | 18 L               | 18 Þ               | 18 F                | 18 S           | 18 Þ |
| 19 F                      | 19 M          | 19 M    | 19 L     | 19 M                   | 19 F                | 19 S    | 19 S               | 19 M               | 19 F                | 19 M           | 19 M |
| 20 L                      | 20 Þ          | 20 F    | 20 S     | 20 Þ                   | 20 F                | 20 M    | 20 M               | 20 F               | 20 S                | 20 Þ           | 20 F |
| 21 S                      | 21 M          | 21 F    | 21 M     | 21 L                   | 21 F                | 21 Þ    | 21 Þ               | 21 F               | 21 M                | 21 L           | 21 F |
| 22 M                      | 22 L          | 22 M    | 22 F     | 22 M                   | 22 S                | 22 M    | 22 M               | 22 F               | 22 S                | 22 Þ           | 22 L |
| 23 Þ                      | 23 F          | 23 S    | 23 M     | 23 F                   | 23 L                | 23 F    | 23 F               | 23 S               | 23 Þ                | 23 F           | 23 S |
| 24 M                      | 24 L          | 24 M    | 24 F     | 24 M                   | 24 S                | 24 Þ    | 24 F               | 24 M               | 24 M                | 24 L           | 24 M |
| 25 F                      | 25 S          | 25 Þ    | 25 M     | 25 F                   | 25 M                | 25 L    | 25 L               | 25 Þ               | 25 F                | 25 S           | 25 Þ |
| 26 F                      | 26 M          | 26 F    | 26 M     | 26 L                   | 26 F                | 26 S    | 26 S               | 26 M               | 26 F                | 26 M           | 26 M |
| 27 L                      | 27 Þ          | 27 F    | 27 S     | 27 M                   | 27 F                | 27 M    | 27 M               | 27 F               | 27 L                | 27 Þ           | 27 F |
| 28 S                      | 28 M          | 28 F    | 28 M     | 28 L                   | 28 F                | 28 Þ    | 28 Þ               | 28 F               | 28 S                | 28 M           | 28 F |
| 29 M                      | 29 F          | 29 L    | 29 S     | 29 M                   | 29 F                | 29 S    | 29 M               | 29 L               | 29 M                | 29 F           | 29 L |
| 30 Þ                      | 30 F          | 30 M    | 30 F     | 30 M                   | 30 L                | 30 F    | 30 F               | 30 S               | 30 Þ                | 30 F           | 30 S |
| 31 M                      |               | 31 M    |          | 31 L                   | 31 Þ                |         | 31 F               |                    | 31 M                |                | 31 M |

## 10 Fylgigögn

### 10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Berglind Hallgrímsdóttir

1.júlí 2022

Leikskólastjóri

Dagsetning



## Fylgiskjal 3

# Starfsáætlun 2022 – 2023

## Leikskólinn Suðurborg

Umsögn á starfáætlun Suðurborgar 2022/2023

Ánægjulegt er að lesa yfir starfsáætlun Suðurborgar þar sem mörg fagleg markmið komu fram og gaman að sjá að börnin geti haft meiri áhrif á nám sitt og daglegar athafnir.

Börnin hafa fengið tækifæri til að halda sínu striki áfram bæði í leik og starfi og er mjög flott starf í gangi innan veggja leikskólans Skipulagið er vel útskýrt fyrir börnunum með dagskipulagi og vita þau hvað þau eiga von á þann daginn. Er mikil tilhlökkun með endur vakningu Smiðju.

Bangsinn Blær hefur góð áhrif á börnin bæði á yngri og eldri deildum og geta börnin leitað upp öryggi í böngsunum sínum og kynnst börnin félagsfærni með böngsunum. Lubbi hefur líka góð áhrif á málþroska barnanna og kynnst þau stöfunum fyrr.

Starfsfólkið er allt yndisleg með jákvætt viðhorf og finna börnin mikið öryggi hjá þeim og vita að þau geta leitað til þeirra þurfi þau auka knús, þrátt fyrir það hafi verið heimsfaraldur þá fundu börnin ekki fyrir tveggja metra reglunni.

Mikilvægt er að hafa samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvar til að byggja upp öryggi barnanna áður en þau fara í grunnskóla og vonumst við að starfið fari aftur á þann veg eins og það var fyrir Covid. Skemmtilegt væri að fá skólastofu aftur lánaða í Hólabrekkuskóla svo börnin kynnist skólaumhverfinu.

Stjórnendur og starfsfólk hefur staðið sig mjög vel miðað við aðstæður og eiga mikið hrós skilið.

Fyrir hönd foreldraráðs og félags,

Elín Sigrún Espiritu

Guðrún Jónsdóttir

**Foreldraráð leikskólans skipa:**

**Guðrún Jónsdóttir**



## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



## Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

## Umsögn foreldraráðs:

